

### Markmið og fjárfestingarstefna


Lausafjár safn er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir í innlánum, víxlum, skuldabréfum og öðrum fjármálagerningum með stuttan líftíma. Meðallíftími sjóðsins er áætlaður 0-180 dagar og skulu einstakar fjárfestingar sjóðsins í innlánum, víxlum, skuldabréfum og öðrum fjármálagerningum sem útgefnir eru af fjármálafyrirtækjum ekki hafa lengri tíma til lokagjalddaga en 370 daga. Ekki er takmörkun á hámarkslíftíma einstakra fjárfestinga þar sem útgefandi er ríkissjóður Íslands.

Sjóðurinn hefur heimild til þess að eiga endurverf viðskipti (e. repurchase agreements) með fjármálagerninga sem falla undir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðurinn nýtir sér heimild til endurverfra viðskipta til varnar ef hann verður fyrir óvæntu ústreymi. Ef til þess kæmi væri sjóðurinn að lána bréf á móti lausu fé til að geta staðið við skuldbindingar sínar.

### Fjárfestingarheimildir

Innlán fjármálafyrirtækja	40-100%	<b>82,0%</b>
Skuldabréf og víxlar fjármálafyrirtækja	0-50%	<b>8,6%</b>
Skuldabréf og víxlar með ríkisábyrgð	0-60%	<b>8,4%</b>
Endurverf viðskipti með fjármálagerning	0-50%	
Laust fé		<b>0,9%</b>


### Eignasamsetning



### Stærstu útgjafir


Íslandsbanki	29,6%
Arion banki	25,3%
Landsbankinn	27,6%
Kvika banki	5,6%
Ríkissjóður Íslands	8,4%
Bankareikningur (Íslandsbanki)	2,4%

### Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
1 mán	0,4%	
3 mán	1,1%	
6 mán	2,0%	
1 ár	4,0%	4,0%
2 ár	8,9%	4,4%
5 ár		
Frá áramótum	4,0%	
Frá stofnun*	23,1%	5,0%

### Gengisþróun



### Almennar upplýsingar

Stofnár	2014
Stærð [m.kr.]	44.241
Tegund sjóðs	Fjárfestingarsjóður
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000025153
Auðkenni	LAUSA
Sjóðstjórar	Helga Óskarsdóttir Ingólfur S. Kristjánsson

Viðskiptatími	10:00-15:00
Uppgjörstími	1 viðskiptadagur (T+1)
Lágmarkskaup	10.000 kr
Lágmarkskaup í áskrift	5.000 kr
Árleg umsónarlaun	0,35%
Kostnaður við kaup	Á ekki við
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

### Tölfræði

Áhættuflokkun	1/7
Meðaltími eignasafns, ár	0,23
Verðtryggingarhlutfall	0,0%
Viðmiðunarvisitala	Innlánsvextir SÍ

### Nánari upplýsingar

Íslandssjóðir hf.  
Hagasmára 3, 201 Kópavogi  
Sími: 440-4920  
[www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

Söluaðili:  
Íslandsbanki hf.  
[www.isb.is](http://www.isb.is)

\*Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 16. september 2014.

### Ahætta og fyrirvari

---

Fjárfestingu í fjárfestingasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í fjárfestingasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflöktis gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstöku verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í fjárfestingarsjóðum. Þannig getur eignarhlutdeild rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Gengi og ávöxtun sjóðsins er einnig háð þróun markaðsvaxta. Ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstu vöxtum í verði. Fleiri áhættuþættir hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum svo sem seljanleikaáhætta, greiðsluáhætta, uppgjörsáhætta, vörsluáhætta, áhætta tengd smæð markaðar, verðbólguáhætta og áhætta vegna ytri aðstæðna. Nánari umfjöllun um áhættuþætti er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu Lausafjár safns, sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikiörk. Útboðslýsing og lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru aðgengileg á heimasíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is).

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.